



## Verðbólgan jókst smávægilega milli mánaða

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,28% milli mánaða og mælist 12 mánaða verðbólga nú 3,2% samanborið við 3,1% í júlí. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,40% milli mánaða og mælist 3,1% verðbólga á þann mælikvarða.

Opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til +0,3. Við höfðum spád +0,2%.

### Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- Þrátt fyrir að **föt og skór** hafi lækkað svipað milli mánaða í júlí og síðustu ár, þá hækkaði þessi liður meira í ágúst en við höfum áður séð.
- **Húsgögn og heimilisbúnaður** hækkuðu líka meira vegna lok sumarútsala en síðustu ár.
- **Flugfargjöld til útlanda** lækka alla jafna milli mánaða í ágúst. Það er 13,8% ódýrara að fljúga til útlanda núna í ágúst en fyrir ári síðan. Það að það sé ódýrara en fyrir ári síðan hlýtur að teljast sérstakt í ljósi bæði minni samkeppni í kjölfar falls WOW air og betri sætanýtingar hjá Icelandair.
- **Bensín og díselolía** lækkaði svipað og verðkannanir okkar bentu til.
- **Matur og drykkjarvara** lækkaði óvænt milli mánaða. Skýrist lækkunin aðallega af lækkun á grænmeti, kartöflum o.fl.


### Gerum ráð fyrir 2,9% verðbólgu í nóvember

Eins og staðan er í dag reiknum við með +0,3% hækkun VNV í september, +0,3% október og +0,2 í nóvember. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 2,9% í nóvember.

	Vægi í VNV	Breyting milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	13,3%	-0,4%	4,5%
Áfengi og tóbak	2,5%	0,6%	2,6%
Föt og skór	4,2%	8,7%	7,7%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,1%	0,0%	4,8%
Reiknuð húsaleiga	16,2%	-0,1%	2,0%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	2,3%	4,4%
Heilsa	4,0%	0,0%	1,6%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	-0,1%	1,4%
Kaup okutækja	5,7%	0,1%	6,2%
Bensín og díselolía	3,4%	-1,7%	2,3%
Flugfargjöld til útlanda	1,6%	-9,1%	-13,8%
Póstur og sími	1,8%	-0,3%	-1,9%
Tómst. og menning	10,0%	0,3%	3,0%
Menntun	0,4%	0,0%	-0,8%
Hótel og veitingast.	5,8%	0,4%	2,7%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	0,5%	3,5%

Heimild: Hagstofa Íslands


### Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




Verðbólgan mælist 3,2% í ágúst samanborið við 3,1% í júlí.




Heimild: Hagstofa Íslands

Nær enginn munur er árhækkun vísitölu neysluverðs með og án húsnæðis.




Heimild: Hagstofa Íslands

Við gerum ráð fyrir 2,9% verðbólgu í nóvember.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Mesti munur á spá okkar og mælingu Hagstofunnar var í fötum og skóm, og flugfargjöldum til útlanda.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag allra helstu undirliða er til hækkunar.



Heimild: Hagstofa Íslands


Um 80% undirliða hafa hækkað síðustu tólf mánuði.



Heimild: Hagstofa Íslands




Það var 13,8% ódýrara að fljúga til útlanda í júlí í ár en í júlí fyrir ári síðan.




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Áhrif útsöluloka á verð á fötum og skóm var nokkuð meira í ár ein síðustu ár.




Heimild: Hagstofa Íslands

Árshækkun reiknaðrar húsaleigu er 2,0%.



Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafið um einn mánuð.  
Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðskrá

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er um 3,0%.



Heimild: Kodiak pro, Hagstofa Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

